

Ytra mat leikskóla Ársalir Skagafirði

Úttekt þessi er unnin á vegum Menntamálastofnunar
fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

Höfundar: Björk Ólafsdóttir og Kolbrún Vigfúsdóttir
© Menntamálastofnun, 2015.

ISBN 978-9935-433-74-9

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn Ársalir	8
Leikskólinn og umhverfi hans	8
Starfsmenn	8
Húsnæði	8
Útileiksvæði	9
Hugmyndafræði og áherslur	9
Stjórnun	9
Stjórnskipulag og skipurit	9
Námskrá og áætlanir	10
Stjórnun og starfsmenn	10
Fagleg forysta	11
Skólabragur og samskipti	12
Starfsandi og starfsánægja	12
Uppeldis- og menntastarf	13
Námsaðstæður	13
Starfshættir	14
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	14
Námssvið	14
Velferð og líðan barna	15
Mat á námi og velferð barna	15
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	16
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	16
Viðhorf foreldra	17
Samstarf við grunnskóla	17
Annað samstarf	17
Leikskóli án aðgreiningar	18
Sérfræðiþjónusta og sérkennsla	18
Börn með annað móðurmál en íslensku	19
Innra mat	20
Skipulag og viðfangsefni	20
Gagnaöflun og vinnubrögð	20
Opinber birting og umbætur	20
Matsþættir	21
Samantekt	22
Lokaorð	25
Heimildir	28

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Starfsemi leikskólans Ársala í núverandi mynd hófst sumarið 2010 þegar tveir leikskólar á Sauðárkróki voru sameinaðir. Húsnæði leikskólans uppfyllir kröfur varðandi rými sem gerðar eru til leikskólahúsnæðis samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Leikskólinn stenst lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda nr. 87/2008. Leikskólinn hefur einkunarorðin: *Vinátta – virðing – vellíðan* og endurspeglast þau í starfi hans. Húsnæði leikskólans og útileiksvæði er rúmgott og gefur möguleika á þroskaeflandi leikjum og verkefnum. Aðstaða starfsfólks er góð en huga þarf að loftræstingu leikskólahúsnæðisins við Árkíl.

Stjórnun - Skólabragur og samskipti

Leikskólinn hefur gert skólanámskrá sem samræmist ekki að fullu aðalnámskrá leikskóla frá 2011 en unnið er að endurskoðun hennar. Við endurskoðun skólanámskrár þarf að skilgreina markmið leikskólans, leiðir að þeim og mat. Stjórnendur skipta með sér verkum við stjórnun og er verkaskipting þeirra skýr en ekki formlega skráð. Stjórnendur skipuleggja og samhæfa störf starfsfólks og taka sameiginlega starfsþróunarsamtöl árlega og eru niðurstöður þeirra skráðar. Vel er staðið að símenntun starfsmanna, starfsfólk er duglegt að sækja sér endurmenntun og faglegur metnaður einkennir starfsmannahópinn. Vel er staðið að upplýsingagjöf til starfsmanna og foreldra. Fara þarf yfir verklagsreglur og áætlanir varðandi nokkur atriði og móta reglur um vinnu með börnum og foreldrum af erlendum uppruna. Starfsandi leikskólans er almennt góður og leggja þarf áherslu á að viðhalda honum. Stjórnendur þurfa að tryggja að traust ríki milli starfsfólks og stjórnenda og samstarf í leikskólanum einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum.

Uppeldis- og menntastarf - Velferð og líðan barna - Mat á námi og velferð barna

Samskipti starfsmanna við börn einkennast virðingu og umhyggju fyrir einstaklingnum sem birtist í jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum. Faglegur metnaður einkennir vinnu starfsmanna sem sést meðal annars í uppbyggjandi samskiptum við börnin. Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu og börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum. Unnið er markvisst að flestum námssviðum leikskólans, einkum eflingu læsis og samskipta en auka þarf markvissa vinnu við námssviðin sjálfbærni og vísindi. Unnið er markvisst að mati á námi og velferð barna og notuð til þess viðurkennd matstæki. Dagskipulag leikskólans er nokkuð stíft og skoða þarf möguleika á að bæta lýðræði í leikskólanum, auka þátt frjálsa leiksins og gera val barnanna markvissara. Einnig er æskilegt að auka aðgengi barna að leikföngum og efnivið, nýta betur umhverfi leikskólans til þekkingarleitar og skoða samsetningu leikfanga og efniviðar með tilliti til fjölbreytileikans. Húsnæði leikskólans er rúmgott og vel nýtt en gott væri að skoða hvernig hægt er að auka nýtingu sameiginlegra svæða. Ekki hefur mikið verið unnið með uppeldislegar skráningar og væri það til að auka gæði leikskólans ef þær væru teknar upp. Börn hafa ekki komið að mati leikskólastarfsins og er mikilvægt að bæta úr því. Meta þarf máltíðir í leikskólanum með hliðsjón af manneldissjónarmiðum.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Foreldrar eru ánægðir með starfsemi leikskólans, samstarf við stjórnendur hans og starfsmenn. Foreldraráð er starfandi við leikskólann sem starfar samkvæmt lögum um leikskóla en leita ætti leiða til að velja fulltrúa í foreldraráð með lýðræðislegum hætti. Einnig ætti að setja vinnureglur og birta fundargerðir foreldraráðs á heimasíðu leikskólans. Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Samstarf leikskólans við grunnskóla staðarins er til fyrirmyndar og vel er staðið að upplýsingagjöf um börn til grunnskólans. Leita þarf leiða til að koma upplýsingum til foreldra með annað móðurmál en íslensku og hafa hagnýtar upplýsingar á fleiri tungumálum á heimasíðu leikskólans.

Skóli án aðgreiningar

Leikskólinn leggur áherslu á snemmtæka íhlutun og er í góðu samstarfi við ráðgjafabjónustu sveitarfélagsins. Ekki er til sérkennslustefna í leikskólanum en lögð er áhersla á að sérkennsla/stuðningur fari sem mest fram í daglegu starfi og leik og öll börn eigi hlutdeild í barnahópnum. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn sem þurfa sérkennslu/stuðning og eru þær reglulega endurskoðaðar í samstarfi við foreldra. Starfsfólk er upplýst um þarfir barna sem njóta sérkennslu/stuðnings. Ekki er til móttökuáætlun eða stefna varðandi börn sem eiga annað móðurmál en íslensku og væri þörf á að bæta úr því.

Innra mat

Við endurskoðun á skólanámskrá leikskólans þarf að auka umfjöllum um innra mat á honum. Þar þarf að setja fram viðmið fyrir markmið leikskólans og gera grein fyrir hvernig þau verði metin. Í leikskólanum þarf að gera áætlun um innra mat bæði til lengri og skemmri tíma. Starfsfólk leikskólans tekur þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati en auka þarf aðkomu starfsfólks við undirbúning og framkvæmd innra mats og efla mat og ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi. Leggja þarf áherslu á fjölbreytni í öflun gagna meðal starfsfólks og foreldra með aðferðum sem hæfa viðkomandi hópum og tryggja að raddir barna heyrist í mati á leikskólastarfinu. Leita þarf leiða til að auka aðkomu foreldraráðs við að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Ársölum á Sauðárkróki, Skagafirði. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Björk Ólafsdóttur og Kolbrúna Vigfúsdóttur og fór fram á vettvangi 19., 20., 21. og 22. október 2015. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir; leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðipjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

- að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.¹

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra í byrjun október 2015 á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Skólaheimsóknin stóð yfir í fjóra daga, frá 19.-22. október og tóku matsaðilar einstaklings- og rýnivíðtöl og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum. Haldnir voru tveir rýnifundir með deildarstjórum, einn með leikskólakennurum, einn með starfsmönnum, einn með börnum og einn með foreldrum. Þátttakendur í rýnihópum leikskólakennara, starfsmanna, barna og foreldra voru valdir með slembiúrtaki en rætt var við alla deildarstjóra. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og verkefnisstjóra námsaðlögunar. Símanviðtal var tekið við formann fræðslunefndar Skagafjarðar. Alls var talað við 24 starfsmenn, sjö foreldra og fjögur börn.

Fylgst var með uppeldi, kennslu og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðum í leikskólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur

¹ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

² Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.³ Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlestrar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Leikskólinn Ársalir

Leikskólinn Ársalir er níu deilda leikskóli sem starfræktur er í tveimur húsum.⁴ Hann tók til starfa í ágúst 2010 og varð til við samruna tveggja leikskóla. Húsnæði eldra stigs stendur við Árkil og er fyrir börn frá 2½ - 6 ára en húsnæði yngra stigs stendur við Víðigrund og þar eru börn frá 1 – 2½ árs. Fjöldi barna í Ársölum eru 165, 117 á eldra stigi og 48 á yngra stigi, þar af eru 75 drengir og 90 stúlkur. Eitt barn nýtur stuðnings/sérkennslu og átta börn eiga annað móðurmál en íslensku.

Leikskólinn og umhverfi hans

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 52 starfsmenn í samtals 45,15% stöðugildum. Fjöldi leikskólakennara er 25 og er hlutfall þeirra af starfsmannahópnum því 48%. Auk þeirra starfar einn þroskajálfari, tveir með B.A. í menntunarfræðum og einn B.ed. grunnskólakennari við leikskólann. Tveir eru með menntun leikskóla-liða og 18 eru ófaglærðir. Þrír matráðar starfa við skólann. Kynjahlutfallið er tveir karlmenn á móti 50 konum.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru í 100% starfi sem stjórnendur og verkefnisstjóri námsaðlögunar (sérkennslustjóri) er í 75% starfi. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru leikskólakennaramenntaðir og verkefnisstjóri námsaðlögunar er menntaður þroskajálfari og í framhaldsnámi í sérkennslufræðum. Níu deildarstjórar starfa við leikskólann, allir leikskólakennaramenntaðir og í 100% starfshlutfalli.

Stöðugleiki í stjórnenda- og starfsmannahópnum er mikill. Flestir starfsmenn hafa unnið í Ársölum frá upphafi, eða í rúmlega fimm ár og margir störfuðu áður í þeim leikskólum sem voru forverar Ársala.

Húsnæði

Húsnæði leikskólans er annars vegar 1000 fermetra nýbygging og hins vegar eldri bygging, 300 fermetrar, sem var endurnýjuð árið 1995. Húsnæði leikskólans uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólalúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009. Nýrra húsnæðið (eldra stig) er rúmgott, lýsing og hljóðvist góð. Að sögn deildarstjóra og leikskólakennara í rýnihópum er loftræstingu í nýrra húsnæðinu ábótavant sem hafi hugsanlega áhrif á heilsu starfsmanna.⁵ Hver deild hefur til umráða leikstofu, hvíldarherbergi, salerni og fataklefa. Auk þess eru sameiginleg rými sem nýtt eru fyrir einingakubba, listsköpun og bókasafn. Einnig er stór salur í sameiginlegu rými. Í eldra húsnæðinu (á yngra stigi) er lýsing, hljóðvist og loftræsting góð. Hver deild hefur til umráða leikstofu, hvíldaraðstöðu, salerni og fataklefa. Stór salur er í sameiginlegu rými auk rýmis sem nýtt er m.a. til listsköpunar og tilrauna. Í báðum húsum er rými fyrir sérfræðiþjónustu, vinnurými fyrir leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra og undirbúningsherbergi fyrir starfsmenn. Einnig er í báðum húsum setustofa fyrir starfsmenn, hreinlætisaðstaða, fatahengi

³ Sjá nánar í lok skýrslunnar.

⁴ Skólanámskrá Ársala

⁵ Rýnihópur deildarstjóra og leikskólakennara

og læstir skápar. Eldhúsin á báðum stigum eru að mestu nýtt sem móttökueldhús og kemur maturinn oftast fulleldaður. Aðstaða til funda er góð, einkum á eldra stigi. Rými er fyrir 180 börn á leikskólanum, 132 rými á eldra stigi á sex deildum og 48 rými á yngra stigi á þremur deildum.

Útileiksvæði

Útileiksvæði við bæði húsin eru stór, vel skipulögð og búin góðum leiktækjum. Útileiksvæði við húsnæði yngra stigs er skipt upp með girðingu sem gerir kleift að minnka og stækka leiksvæði barnanna eftir aðstæðum. Leikskólalóð er yfirfarin áður en börnin fara í útiveru.

Hugmyndafræði og áherslur

Einkunnarorð leikskólans Ársala eru: *Vinátta – virðing – vellíðan*. Í námskrá og starfsáætlun leikskólans kemur fram að aðaláhersla leikskólans Ársala er á lífsleikni, tákn með tali (TMT) og styðjandi skólafærni (SMT).⁶ Lífsleikni byggir á námsefninu Lífsleikni í leikskóla og er unnið sérstaklega með hana í gegnum tólf dygðir, sem eru: *Umburðarlyndi, vinsemd, hugrekki, glaðværð, hófsemi, kurteisi, sköpunargleði, þolinmæði, samkennd, ábyrgð, áreiðanleiki og hjálpsemi*. Ein dygð er tekin sérstaklega fyrir á hverri önn. Í öllum leikskólanum er unnið með Tákn með tali og er það samofið daglegri starfsemi. Nefnt var að notkun TMT væri meðal annars til að auðvelda tvítyngdum börnum að tileinka sér íslensku. Að frumkvæði skólaskrifstofu Skagafjarðar var ákveðið að skólar í Skagafirði ættu að vinna eftir SMT agastjórnunarkerfinu, sem byggir á hvatningu, hrósi og jákvæðum aga. Ársalir er nú sjálfstæður SMT leikskóli. Í Ársölum er lögð áhersla á að virðing og umburðarlyndi gegni lykilhlutverki í öllum samskiptum. Verið er að vinna að heildstæðri læsisstefnu í sveitarfélaginu.⁷ Teymi eru starfandi sem halda utan um SMT, TMT, lífsleikni og læsi. Í vettvangsathugun voru áherslur leikskólans mjög sýnilegar í starfi á öllum deildum og bæði starfsfólk og foreldrar í rýnihópum þekktu vel stefnu leikskólans.

Styrkleikar

- Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð/gildi í leikskólastarfinu.
- Áherslur og stefna leikskólans endurspeglast vel í starfi með börnunum.
- Húsnæði og útileiksvæði er rúmgott og gefur möguleika á þroskaeflandi leikjum og verkefnum.

Tækifæri til umbóta

- Bæta þarf loftræstingu í leikskólahúsnæðinu við Árkíl.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili leikskólans Ársala er Sveitarfélagið Skagafjörður. Á vegum sveitarfélagsins starfar fræðslunefnd sem skipuð er þremur fulltrúum sem eru pólitískt kjörnir af sveitarstjórn. Nefndin fer með verkefni leikskóla skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008. Fræðsluvið heyrir undir fræðslunefnd og er fræðslustjóri yfirmaður fræðslumála sveitarfélagsins.⁸ Fræðslustjóri hefur yfirumsjón með faglegu starfi og rekstri leikskóla. Verkefni fræðsluviðs er meðal annars að veita ráðgjöf í leikskólanum, stuðla að skólaþróun og hafa eftirlit með starfsemi leikskólans. Í samtali við formann fræðslunefndar kom fram að formlegt eftirlit og umsagnir um áætlanir, s.s. starfsáætlun, skólanámskrá og ársáætlun leikskólans er á höndum fræðslunefndar. Að sögn formannsins eru boðleiðir stuttar og samstarf við leikskólastjóra Ársala gott. Leikskólinn skilar árlegri starfsáætlun og ársskýrslu til fræðslustjóra og fræðslunefndar. Sveitarfélagið Skagafjörður hefur mótað skólastefnu sem gildir fyrir alla skóla í sveit-

⁶ Skólanámskrá og starfsáætlun Ársala

⁷ Viðtal við leikskólastjóra

⁸ Skólanámskrá Ársala

arfélaginu. Skólastefnan er frá árinu 2008. Í skólastefnunni kemur fram framtíðarsýn sveitarfélagsins í skólamállum og markmið með skólastarfi. Skipurit fyrir leikskólann liggur fyrir í starfsáætlun ásamt grófum starfslýsingum fyrir stjórnendur og starfsfólk.

Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá leikskólans Ársala er frá árinu 2010. Unnið hefur verið að endurskoðun hennar síðastliðin ár til samræmis við núgildandi Aðalnámskrá og er stefnt að útgáfu hennar á þessu ári. Vinna við nýja skólanámskrá hefur farið fram á skipulagsdögum og starfsmannafundum og að þeirri vinnu hafa komið allir starfsmenn leikskólans. Foreldrar og börn hafa ekki komið að mótun stefnu og/eða endurskoðun nýrrar skólanámskrár en foreldraráð mun fá hana til umsagnar þegar lokið hefur verið við gerð hennar að sögn leikskólastjóra.⁹ Skólanámskráin frá 2010 uppfyllir einungis að hluta þær kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá frá 2011 og lögum um leikskóla nr. 90/2008. Í námskránni kemur til dæmis ekki skýrt fram hver markmið leikskólans eru né hvaða leiðir eru farnar til að ná þeim eða meta. Litlar upplýsingar eru birtar um innra mat og hvorki er gerð grein fyrir aðferðum sem notaðar eru við innra mat né birt viðmið til að meta leikskólastarfið út frá í innra mati. Þá vantar upplýsingar um vinnslu skólanámskrár. Skólanámskrá frá 2010 er að finna á heimasíðu leikskólans.

Starfsáætlun 2015-2016 liggur fyrir og var í umsagnarferli þegar matið fór fram og var því ekki orðin aðgengileg á heimasíðu en starfsáætlun fyrir 2014-2015 er aðgengileg á heimasíðu. Í nýrri starfsáætlun er að finna þær upplýsingar sem aðalnámskrá gerir ráð fyrir. Leikskólastjóri sér að mestu einn um gerð starfsáætlunar, deildarstjórar vinna þó ársáætlun fyrir sínar deildar sem birtast í starfsáætlun.¹⁰ Allir leikskólar í Skagafirði vinna starfsáætlun eftir sama formi. Starfsáætlun er lögð fyrir foreldraráð til umsagnar og fræðslunefnd til staðfestingar.

Starfsmannahandbók er til í leikskólanum en þarfnast endurskoðunar að sögn stjórnenda. Verklagsreglur um viðbrögð við slysum liggja ekki fyrir og stjórnendur þekkja ekki til handbókar um velferð og öryggi barna í leikskólum. Öryggis- og rýmingaráætlun liggur fyrir en er ekki sýnileg á veggjum leikskólans. Rýmingaræfingar eru ekki gerðar. Áætlun er til um upphaf leikskólagöngu barna. Áætlanir um jafnrétti og einelti í barnahópnum eru í starfsmannahandbók og unnið er að endurskoðun þeirra. Áætlun um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku liggur ekki fyrir.

Stjórnun og starfsmenn

Stjórnun leikskólans er í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 um viðurkennda starfshætti. Stjórnunarhlutfall leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra er 200%. Stjórnendateymi mynda leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar. Verkaskipting leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra er skýr að mati stjórnenda en hún er ekki skráð.¹¹ Leikskólastjóri ber rekstrarlega og faglega ábyrgð á starfi leikskólans og stjórnar daglegri starfsemi á eldra stigi. Aðstoðarleikskólastjóri vinnur ásamt leikskólastjóra að skipulagningu uppeldisstarfsins og stjórnar daglegri starfsemi á yngri stigi. Skipta þeir með sér verkum þannig að aðstoðarleikskólastjóri er til hádegis á yngri stigi og kemur á eldra stigið eftir hádegi og sinnir þá ýmsum ritarastörfum.¹² Deildarstjórar skipuleggja störf á deildum. Áætlun um skipulagsdaga og starfsmannafundi er sett upp fyrir starfsárið. Starfsdagar eru fjórir á ári. Starfsmannafundir eru haldnir átta sinnum á ári, deildarstjórafundir hálfsmánaðarlega og deildarfundir mánaðarlega. Fundir eru boðaðir með dagskrá, fundargerðir ritaðar og eru aðgengilegar fyrir starfsfólk í möppu á kaffistofum. Fundargerðir deildarfundu eru aðgengilegar innan deilda.

Við ráðningu starfsfólks er fylgt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Allt starfsfólk undirritar skjal um trúnað og þagnarskyldu og aflað er upplýsinga úr sakavottorði áður en ráðning fer fram. Persónuupplýsingar eru varðveittar í læstum skráum í tölvum og í læstum

⁹ Viðtal við leikskólastjóra

¹⁰ Viðtal við leikskólastjóra/rýnihópur deildarstjóra

¹¹ Viðtal við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og rýnihópur deildarstjóra

¹² Viðtal við leikskólastjóra

hirslum. Að mati stjórnenda og deildarstjóra í rýnihópi er þörf á að skýra verklag við móttöku nýrra starfsmanna. Verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum liggja ekki fyrir.

Upplýsingar um vikuna framundan eru settar á kaffistofuna. Leikskólastjóri hefur nýlega byrjað að auka upplýsingaflæði til starfsfólks með því að senda því tölvupósta með upplýsingum um námskeið o.fl. og mælist það vel fyrir hjá starfsfólki í rýnihópum. Áætlun um símenntun starfsmanna fram í tímann liggur ekki fyrir nema hvað varðar fasta árlega þætti. Haldin er góð skrá yfir símenntun starfsmanna og endurspeglar hún áherslur leikskólans og sveitarfélagsins en tekur einnig tillit til þarfa starfsmanna. Starfsfólk segist hafa gott tækifæri til símenntunar og að stjórnendur hvetji til og veiti svigrúm til símenntunar. Reynt er að koma til móts við óskir starfsfólks um þátttöku í námskeiðum og ráðstefnum innanlands og erlendis eins og aðstæður leyfa á hverjum tíma. Leitast er við að sem flestir fái tækifæri til símenntunar. Á hverju ári er haldinn fræðsludagur fyrir alla skóla í Skagafirði.

Fagleg forysta

Stjórnendur vinna að eigin sögn vel saman og bæta þær hvor aðra vel upp. Leikskólastjóri segist vinna að því að allir hlutir gangi upp á leikskólanum, hún leggur áherslu á að vera sanngjörn og leitast við að efla deildarstjórana til aukinnar virkni og ábyrgðar. Aðstoðarleikskólastjóri telur sína styrkleika sem stjórnanda liggja í góðri samskiptahæfni og hún eigi í góðum samskiptum við foreldra og starfsfólk. Stjórnendur sjá til þess að upplýsingum sé miðlað um leikskólastarfið á heimasíðu og með tölvupóstum.

Leikskólastjóri fer inn á deildir á eldra stigi til að heilsa upp á börn og starfsfólk en ekki í þeim tilgangi að fylgjast með námi og starfi og veita endurgjöf. Að eigin sögn fer hún lítið inn á yngra stig og leitar starfsfólk á yngra stigi því meira til aðstoðarleikskólastjóra með sín mál. Í rýnihópum kom fram að starfsfólk vill gjarnan að stjórnendur séu sýnilegri inni á deildum.¹³ Starfsmenn fara árlega í starfsþróunarviðtöl sem bæði leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri taka. Niðurstöður starfsþróunarviðtala eru skráð og þeim fylgt eftir. Fyrir starfsþróunarviðtöl hjá stjórnendum taka deildarstjórar starfsmannaviðtöl við sína starfsmenn. Leikskólakennarar fá samningsbundinn undirbúningstíma. Leikskólaliðar fá tvo tíma á viku í undirbúning eftir því sem aðstæður leyfa og deildarstjórar hafa möguleika á að gefa ófaglærðum starfsmönnum af sínum undirbúningstíma.

Þrátt fyrir að margt sé vel gert eins og fram hefur komið, kom fram í rýnihópum að samstarf milli leikskólastjóra og starfsmanna einkennist ekki nægilega af lýðræðislegum vinnubrögðum og stundum eru ákvarðanir teknar án samráðs við starfsfólk.¹⁴ Fram kom að starfsfólki finnst of mikið um boð og bönn sem erfitt er að vinna undir. Einnig komu fram ábendingar um að skortur væri á trausti á milli leikskólastjóra og starfsmanna og var bent á í því samhengi að leikskólastjóri setti hlutina fram á óígrundaðan hátt. Þá var bent á að stjórnendur mættu standa betur með sínu starfsfólki og huga að jafnræði starfsmanna.

Leikskólastjóri leiðir söng á vikulegum vinastundum barnanna á föstudögum, sem felast í skemmtun í sal sem deildirnar skiptast á að sjá um. Að öðru leyti er aðgengi barnanna að leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra ekki mikið að sögn þeirra.¹⁵ Börnin í rýnihóp vissu ekki hver væri leikskólastjóri í leikskólanum og nefndu deildarstjórana í því samhengi.¹⁶ Foreldrar í rýnihópi sögðu að samskipti við stjórnendur væru skilvirk og góð.¹⁷

¹³ Rýnihópar deildarstjóra og leikskólakennara

¹⁴ Rýnihópar deildarstjóra, leikskólakennara og starfsfólks

¹⁵ Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

¹⁶ Rýnihópur barna

¹⁷ Rýnihópur foreldra

Skólabragur og samskipti

Starfsandi og starfsánægja

Starfsfólk er stolt af leikskólastarfinu og hefur trú á gæðum þess. Stjórnandi og flestir starfsmenn í rýnihópum telja að almennt sé gott andrúmsloft og vinsemi ríkjandi í leikskólanum, þó voru einhverjir þeirrar skoðunar að svo væri ekki. Mismunur er á starfsanda á eldra og yngra stigi og hefur meiri nánd og betri starfsandi skapast á yngra stigi. Starfsandinn var erfiður á fyrstu árum leikskólans að sögn starfsfólks og hefur mikið verið unnið í að efla hann.¹⁸ Sú vinna hefur skilað góðum árangri að mati stjórnenda og starfsmanna þó enn þá vanti upp á að hann sé til fyrirmyndar. Sem liður í að efla starfsandann hafa undanfarin ár verið svokallaðar hrósvikur þar sem starfsfólk er meðvitað um að hrósa samstarfsaðilum, þá hafa einnig verið fengnir fyrirlestrar og farið hefur verið í starfsmannafé til útlanda. Of mikið er um veikindi í leikskólanum að sögn stjórnenda og starfsfólks í rýnihópum og var nefnt að mögulega geti þau skýrst af þreytu eða leiða í starfsmannahópnum. Fram kom í rýnihópum starfsmanna að þar sem leikskólinn er starfræktur í tveimur húsum væri í raun um að ræða tvo leikskóla. Aðeins hefur borið á rígg á milli húsa og reynt hefur verið að auka tengsl milli starfsfólks með reglulegum kennaraskiptum á milli yngra og eldra stigs.

Upplifun starfsfólks í rýnihópum var að viðhorf og framkomu fræðsluyfirvalda í sveitarfélaginu gagnvart starfsfólki mætti bæta og hafa meira samráð við það í tengslum við ákvarðanir er varða leikskólann.

Styrkleikar

- Stjórnendur skipta með sér verkum við stjórnun og er verkaskipting þeirra skýr.
- Starfsþróunarsamtöl eru regluleg og niðurstöður þeirra skráðar.
- Stjórnendur hvetja til og veita svigrúm fyrir símenntun starfsmanna.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf til starfsmanna og foreldra.
- Faglegur metnaður einkennir starfsmannahópinn.
- Starfsfólk er duglegt að sækja sér endurmenntunar.

Tækifæri til umbóta

- Ljúka þarf við endurskoðun skólanámskrár og skilgreina í henni markmið leikskólans og leiðir að þeim, mat á markmiðum og viðmið.
- Gera þarf grein fyrir aðferðum við innra mat og birta upplýsingar um hvenær námskráin var endurskoðuð og hverjir tóku þátt í þeirri vinnu.
- Öryggis- og rýmingaráætlun þarf að vera sýnileg á veggjum leikskólans og gera þarf rýmingaræfingar reglulega.
- Móta þarf verklagsreglur um viðbrögð við slysum á börnum.
- Móta þarf verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum.
- Gera ætti móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.
- Æskilegt er að stjórnendur auki samskipti við allar deildir, fylgist með námi og starfi og veiti starfsfólki endurgjöf.
- Stjórnendur tryggi að samstarf í leikskólanum einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum og starfsfólk sé haft meira með í ráðum.

¹⁸ Viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Rýnihópar deildarstjóra, leikskólakennara og starfsfólks.

- Unnið verði að því að bæta samskipti leikskólastjóra og starfsfólks og auka traust starfsfólks til leikskólastjóra.
- Vinna þarf áfram að því að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Skipulag húsnæðis gerir ráð fyrir fjölbreyttum viðfangsefnum barna, samskiptum og samstarfi í leikskólanum. Starfsmenn virðast í flestum tilvikum vera ánægðir með húsnæðið, ef frá er talinn loftræstivandinn, en benda á að gott væri að geta stúkað meira af svæði til að geta skipt börnunum upp minni hópa.¹⁹ Svæði í sameiginlegu rými eru mörg opin og myndu nýtast betur og fyrir fleiri ef hægt væri að skipta þeim niður með lausum skilrúmum og færanlegum hillum. Bent var á að þörf væri á að loka myndlistarrými betur af til að skapa ró og gera það að vinnustað þar sem ekki þyrfti alltaf að ganga frá eftir hverja stund. Mikið er um lokaða skápa í öllu húsnæði leikskólans og væri æskilegt að skoða hvernig auka mætti aðgengi að námsefni- og leikefni í leikskólanum.

Í rýnihópum kom almennt fram ánægja með útleiksvæði á báðum stöðum. Þó var bent á að útleiksvæði á eldra stigi væri opið fyrir öllum vindáttum og þar væri oft mikið rok og kuldi. Stór lóð kallar á að nokkrir starfsmenn séu með börnunum í útivist sem kemur í veg fyrir að deildir geti ákveðið að sleppa útivist.²⁰ Ábending kom frá foreldrum í rýnihópi að til bóta væri ef hægt væri að skipta upp útleiksvæði á eldra stigi með girðingu eins og hægt er að gera á yngra stigi.²¹ Á yngra stigi er möguleiki á meiri sveigjanleika varðandi útiveru barna. Umhverfi utan leikskólalóða er lítið nýtt til þekkingarleitar, svo sem til gönguferða, vettvangsferða og útináms. Fram kom í rýnihópi barna að þeim finnst gaman að fara í gönguferðir og vildu gjarnan gera meira af því.²²

Efniviður innanhúss er nokkuð fjölbreyttur og gefur tækifæri til fjölbreyttra leikja en mætti endurspeglar betur margbreytileika í barnahópnum svo sem myndir, bækur og tónlist. Starfsfólk er þó meðvitað um að kaupa efnivið sem styður við margbreytileikann svo sem með því að kaupa dúkkur sem hafa útlit einstaklinga með Downs heilkenni þar sem eitt barnið er með Downs heilkenni. Einnig sáu matsaðilar nokkrar dúkkur sem voru dökkar á hörund. Starfsfólk í rýnihópum nefndi að endurnýjun leikfanga og efniviðar væri ábótavant.

Samkvæmt dagskipulagi leikskólans skiptist dagurinn í frjálsan leik, hópavinnu og útivist. Stíft dagskipulag, einkum á eldra stigi, hamlar vali barnanna, til dæmis hvort þau megi vera úti eða inni. Í því samhengi var bent á að kaffítímar starfsfólks á eldra stigi flækist fyrir og stýri umgjörð um faglegt starf. Á yngra stigi eru kaffítímar teknir í hádegi og það eykur svigrúm í faglegu starfi með börnunum og til að laga dagskipulag að þörfum þeirra. Rætt hefur verið um að meta skipulagið í leikskólanum í þeim tilgangi að auka val barnanna og frjálsan leik. Stíf tímastýring er hluti af álagi starfsfólks, sem upplifir sig í kapphlaupi við klukkuna til að dagurinn gangi upp.²³

Í rýnihópum starfsfólks og foreldra var bent á að næringarinnihald máltíða væri ekki í samræmi við manneldissjónarmið, mikið væri um unnar kjötvörur, pakkamat og hlutfall kolvetna í máltíðum væri of hátt.²⁴

¹⁹ Rýnihópar deildarstjóra eldra stigs og leikskólakennara

²⁰ Rýnihópar deildarstjóra eldra stigs og leikskólakennara

²¹ Rýnihópur foreldra

²² Rýnihópur barna

²³ Rýnihópar deildarstjóra, leikskólakennara og starfsfólks

²⁴ Rýnihópar deildarstjóra, leikskólakennara, starfsfólks og foreldra

Starfshættir

Leikskólakennarar skipuleggja og leiða uppeldis- og menntastarf í Ársölum og veita ófaglærðu starfsfólki leiðsögn. Faglegur metnaður, mannauður, reynsla og menntun starfsfólks var nefnd í viðtölum og rýnihópum sem helstu styrkleikar leikskólans.²⁵ Starfsfólk er duglegt að sækja sér endurmenntun og starfsmannahópurinn er samhentur í að skapa svigrúm til þess. Samstarf og samábyrgð starfsfólks innan deilda er sýnileg og flest starfsfólk lét vel af andrúmslofti innan deilda en taldi að efla mætti samstarf milli deilda og á milli yngra og eldra stigs. Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin, styður við og eflir jákvæð samskipti í leik þeirra og hefur góða yfirsýn. Börnin fá viðfangsefni við hæfi sem vekja áhuga þeirra. Daglegar athafnir eru vel nýttar til náms og samskipta. Stíft dagskipulag kemur í veg fyrir að leikur barna fái nægilegt rými og að börnin fái samfelldan tíma til að þróa leik sinn og dýpka.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Lýðræðisleg þátttaka barna í leikskólastarfinu er ekki með markvissum hætti. Börnin hafa ekki áhrif á skipulag leikskólastarfsins og viðfangsefni skipulagðra stunda eru oftast kennarastýrð. Lítið virðist vera leitað eftir hugmyndum barna um viðfangsefni og þau hafa ekki mikið val í skipulögðum stundum en viðfangsefni þeirra geta þó tekið breytingum eftir áhuga þeirra hverju sinni. Þátttaka barna og lýðræði birtist með þeim hætti að börnin hafa val um viðfangsefni og leikfélaga í frjálsum leiktíma, sem er fram til klukkan 9:00 á morgnana og eftir klukkan 15:00 á daginn. Af þessu leiðir að sjálfsprottinn leikur barna fær ekki nægilegt rými. Komið er til móts við börnin þegar þau langar að skipta um viðfangsefni.

Starfsfólk ræðir við börnin í daglegu starfi og er tilbúið að hlusta á þau og virða sjónarmið þeirra. Þau eru hvött til að koma fram í samverustundum og í sameiginlegri skemmtun á sal. Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu. Börnin koma ekki að innra mati á skólastarfinu og ekki er leitast sérstaklega við að fá fram sjónarmið þeirra þegar ákvarðanir eru teknar. Börn taka ekki þátt í að móta skólareglur þar sem stuðst er við fyrirfram mótað agakerfi (SMT) en þau taka þátt í að ákveða umbun fyrir góða hegðun í tengslum við SMT. Foreldrar í rýnihópi nefndu SMT agakerfið sem einn af helstu styrkleikum leikskólans.²⁶

Námssvið

Í skólanámskrá leikskólans er fjallað um hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar: *Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun*.²⁷ Formlegt nám fer að mestu fram í þema- og hópastarfi og óformlegt nám í gegnum daglegar athafnir. Börnin eru hvött til sjálfstæðis og sjálfsbjargar. Unnið er með könnunarleik með yngstu börnunum. Markmiðið með honum er að börnin fái útrás fyrir meðfædda forvitni, kynnist ýmsum hugtökum, efli einbeitingu og skynjun og fái tækifæri til að þroska athyglisgáfu sína. Meðal elstu barnanna er notuð kennsluaðferðin leikur að læra sem felst í samþættingu hreyfingar við stærðfræði-, bókstafa-, hljóða-, lita- og formkennslu.²⁸

Í leikskólanum er unnið markvissast að eflingu læsis og ritmál er mjög sýnilegt á öllum deildum leikskólans. Unnið er með frásagnir, sögur og söng og tákni með tali. Einnig er unnið markvissast að því að efla samskipti barna og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi. Heilbrigði og vellíðan er studd meðal annars með mikilli útiveru, hreyfingu, jákvæðum samskiptum, virku agastjórnunarkerfi og félagslegum tengslum. Sköpun er vel sýnileg í daglegu starfi. Sjálfbærni og vísindi eru þau námssvið sem síst voru sýnileg í starfinu þá daga sem vettvangsheimsókn átti sér stað og lítið virtist vera um tæki og tól til vísindastarfa. Að sögn aðstoðarleikskólastjóra er sjálfbærni sá þáttur námssviðanna sem ómarkvissast er unnið með. Einnig er mismunandi á milli deilda hvernig unnið er að eflingu vísinda en eitt-hvað mun vera til af efniviði og tækjum til vísindavinnu, s.s. ljósaborð og smásjár.

²⁵ Rýnihópar deildarstjóra og leikskólakennara

²⁶ Rýnihópur foreldra

²⁷ Skólanámskrá Ársala

²⁸ Starfsáætlun Ársala

Velferð og líðan barna

Andrúmsloft á flestum deildum leikskólans er afslappað og gott og einkennist af gagnkvæmri virðingu, skilningi og trausti milli aðila. Leitast er við að koma til móts við börnin á einstaklingsgrundvelli.²⁹ Í skólanámskrá leikskólans er talað um að lögð sé áhersla á að taka vel á móti hverju barni og því sé heilsað hlýlega með nafni svo að það finni sig velkomið í leikskólann.³⁰ Börnin eru einnig kvödd með nafni og þeim þakkað fyrir daginn. Gildi sem leikskólinn hefur sett sér, vinátta, virðing og vellíðan, endurspeglast í starfi með börnunum. Mikil áhersla er að sögn deildarstjóra lögð á að börnin séu vinir og góð hvert við annað, þau komi sátt í leikskólann og fari sátt.³¹ Í vettvangsathugun sáu matsmenn glöð og ánægð börn og var líðan barna nefnd sem einn af helstu styrkleikum leikskólans í nokkrum viðtölum og rýnihópum. Börn í rýnihópi sögðu að þeim liði vel og það væri skemmtilegt í leikskólanum, allir væru kurteisir og góðir og aldrei neinn sem striddi.³² Foreldrar í rýnihópi sögðu að börnunum liði vel í leikskólanum, starfsfólkið sýndi þeim væntumþykju og þau væru spennt að fara í leikskólann.³³

Reglur sem notaðar eru í leikskólanum koma frá SMT agastjórnnunarkerfinu, þær eru skýrar, samræmdar og börnin þekkja þær vel. Hvatning og viðurkenning einkennir samskipti við börnin og brugðist er við krefjandi hegðun á uppbyggilegan hátt. Í vettvangsathugunum var sýnilegt að börnin eru hvött í sjálfshjálp.

Mat á námi og velferð barna

Mat á námi og velferð barna fer fram með fjölbreyttum hætti og tekur til margra þátta. Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun.³⁴ Reglulegar skráningar eru gerðar á framförum allra barna og viðurkenndar matsaðferðir og skimanir eru notaðar þegar við á. Fylltur er út Gerd Strand listinn fyrir 4 ára börn til að fylgjast með stöðu þeirra gagnvart jafnöldrum.³⁵ Gerd Strand listinn metur gróf- og fínhyfingar, hegðun, mál og tal, virkni, samskipti og þekkingu. Við 4 ára aldur er einnig gerð framburðarkönnun og komi fram 11 frávík eða meira er barnið sent til talmeinafræðings. Notast er við Hljóm-2 sem er greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barna í leikskólanum. Prófið er lagt fyrir börnin á haustin og endurtekið eftir áramót ef þau skora lágt á því. Þau börn sem koma út með slaka færni á einhverjum þætti í Hljóm-2 prófinu fara í svonefndan Hljóm-hóp þar sem þau fá sérstaka þjálfun. TRAS matstækið er skráning á málþroska barna, sem er lagt fyrir á hálfis árs fresti frá tveggja fimm ára aldurs til að fylgjast með málþroska. Skráningar af börnunum eru gerðar í tengslum við dygðavinnu í lok hverrar annar og fer sú skráning í ferilmöppu barnsins, sem fylgir því í gegnum leikskólanámið. Skráning fer einnig fram fyrir foreldraviðtöl og í tengslum við SMT agastjórnnunarkerfið.

Styrkleikar

- Faglegur metnaður einkennir starf á deildum.
- Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu.
- Unnið er markvisst að flestum námssviðum leikskólans, einkum eflingu læsis og samskipta.
- Umhyggja einkennir samskipti við börnin, starfsfólk á uppbyggjandi samskipti við þau og hrósar þeim.
- Börnin eru glöð, milli þeirra ríkir samkennd og þeim líður vel í leikskólanum.
- Reglur eru skýrar, samræmdar og börnin þekkja þær.
- Unnið er markvisst með mat á námi og velferð barna og þess gætt að matið taki til margra þátta og byggi á fjölbreyttum gögnum.

²⁹ Rýnihópar deildarstjóra, leikskólakennara, starfsfólks og foreldra

³⁰ Skólanámskrá Ársala

³¹ Rýnihópar deildarstjóra, leikskólakennara og starfsfólks

³² Rýnihópur barna

³³ Rýnihópur foreldra

³⁴ Verkefnisstjóri námsaðlögunar

³⁵ Starfsáætlun Ársala

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að skoða hvernig efla má samstarf milli deilda og milli yngra og eldra stigs.
- Skoða ætti hvernig hægt er að auka nýtingu sameiginlegra svæða með því að afmarka þau betur t.d koma upp lausum skilrúmunum og hillum.
- Endurskoða þarf efnivið leikskólans með áherslu á að gera fjölbreytileikann sýnilegri.
- Endurskoða þarf dagskipulag leikskólans til að auka val barnanna og auka þátt frjálsa leiksins.
- Leita ætti leiða til að auka aðgengi barna að leikföngum og efnivið leikskólans.
- Nýta mætti umhverfi utan leikskólans meira til þekkingarleitar.
- Meta þarf máltíðir í leikskólanum með hliðsjón af manneldissjónarmiðum.
- Auka þarf markvissa vinnu við námssviðin sjálfbærni og vísindi.
- Efla þarf lýðræði í leikskólanum og áhrif barna á skipulag leikskólastarfsins s.s. val á viðfangsefnum í skipulögðum stundum, útvíst og frjálsum leik.
- Nýta ætti uppeldislegar skráningar til að gera styrkleika og áhuga barnanna sýnilegri og gera þeim kleift að hafa áhrif á leiðir í eigin námi.
- Leita þarf leiða til að gera börnum kleift að meta leikskólastarfið.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og sitja í því þrjár fulltrúar foreldra og leikskólastjóri. Ekki hefur gengið að fá foreldra til að bjóða sig fram í foreldraráð og því hefur verið farin sú leið að leita til valinna foreldra til þátttöku. Reynt er að leita til foreldra barna af mismunandi aldurstigum.³⁶ Leikskólastjóri undirbýr fundi foreldraráðs, boðar til þeirra og fundar með ráðinu. Foreldraráð fundar ekki reglulega og hefur ekki sett sér starfsáætlun og vinnureglur.³⁷ Fundargerðir eru að sögn leikskólastjóra ritaðar af fundum foreldraráðs en þær eru ekki aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.³⁸ Meðal viðfangsefna foreldraráðs er að lesa og veita umsögn um skólanámskrá og starfsáætlun.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Í stjórn félagsins er reynt að hafa einn fulltrúa og einn vara-fulltrúa af hverri deild. Aðstoðarleikskólastjóri er fulltrúi leikskólans í stjórn foreldrafélasins. Foreldrafélagið heldur ekki aðalfund vegna dræmrar þátttöku foreldra á slíkum fundi og því er leitað eftir þátttöku foreldra í stjórn félagsins á foreldrafundum sem haldnir eru einu sinni á ári á hverri deild.³⁹ Foreldrafélagið stendur fyrir árlegum viðburðum, s.s. jólaföndri, bíósýningu, íþróttaskóla, vorfagnaði, myndatöku útskriftarnema og ísferð. Foreldrafélagið hefur styrkt leikskólann með gjöfum.

Foreldraviðtöl fara fram einu sinni á ári og oftast ef þörf er á þar sem fjallað er um stöðu og líðan barnsins. Gefin er út foreldrahandbók sem er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Upplýsingar til foreldra eru settar á heimasíðu og hengdar á upplýsingatöflu hjá hverri deild. Leikskólastjóri hefur nýlega byrjað að senda mánaðarlega upplýsingapósta á foreldra um það sem hefur verið í gangi í leikskólanum og lýstu foreldrar í rýnihópi yfir ánægju með það.⁴⁰ Túlkaþjónusta hefur ekki verið notuð í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku en stundum hefur pólskur starfsmaður verið nýttur til að túlka fyrir foreldra sem eru með pólsku að móðurmáli.⁴¹ Notuð er þátttökuaðlögun við móttöku nýrra barna, sem felst í að foreldrar dvelja með börnum sínum í tvo og hálfan til þrjá daga á leikskólanum en þá er að öllu jöfnu aðlögun lokið. Foreldrar í rýnihópi lýstu yfir ánægju með

³⁶ Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópur foreldra

³⁷ Rýnihópur foreldra

³⁸ Viðtal við leikskólastjóra

³⁹ Rýnihópur foreldra

⁴⁰ Rýnihópur foreldra

⁴¹ Viðtal við leikskólastjóra

þátttökuaðlögun.⁴² Deildastjórar yngra stigs sögðu þátttökuaðlögunina stuðla að góðum tengslum við foreldra og betra samstarfi við þá.⁴³

Lögð er áhersla á góða foreldrasamvinnu í leikskólanum og að foreldrum líði vel að vita af barninu sínu í leikskólanum.⁴⁴ Í rýnihópum starfsfólks var nefnt að helsti styrkleiki leikskólans gagnvart foreldrum væri sveigjanleiki og hvernig reynt er að koma til móts við óskir þeirra. Var nefnt að foreldrar væru alltaf velkomnir inn á deildir þó að þeir væru ekki duglegir við að nýta sér það. Upplifun foreldra í rýnihópi var líka að þeir væru alltaf velkomnir í leikskólann.⁴⁵ Nokkrir viðburðir eru í leikskólanum, svo sem foreldramorgunverður, opið hús í tengslum við Sæluviku, Lummukaffi og útskriftarathöfn. Mæting foreldra á viðburði er góð en mæting á fundi er síðri að mati foreldra í rýnihópi.⁴⁶ Foreldrar telja sig ekki virka í leikskólastarfinu að öðru leyti en því að mæta á viðburði og taka þátt í dygðaverkefnum sem börnin fá heim með sér.

Viðhorf foreldra

Foreldrar í rýnihópi voru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og frammistöðu hans. Fram kom að samskipti við starfsfólk leikskólans væru góð.⁴⁷ Foreldrar þekktu vel stefnu og áherslur leikskólans og sögðust vera ánægð með hana. Upplýsingaflæði frá leikskólanum er að mati þeirra gott. Nefnt var að starfsfólk væri duglegt að koma til móts við foreldra og veita stuðning þegar eitthvað kæmi upp á og eins væri ávallt reynt að koma til móts við óskir foreldra.

Samstarf við grunnskóla

Leikskólinn er í formlegu samstarfi við Árskóla um aðlögun barnanna á milli skólastiga.⁴⁸ Samstarfið byggir á Comeniusar þróunarverkefninu *Brúum bilið* sem leikskólinn tók þátt í og hefur fest sig í sessi.⁴⁹ Elstu börnin fara í heimsókn í Árskóla nokkrum sinnum yfir veturinn, á skólabókasafnið, í almennar kennslustundir, tölvutíma, íþróttatíma, tónmenntatíma, frímínútur og í Árvist, tómstundaskóla Árskóla. Fyrsti bekkur Árskóla kemur árlega í nokkrar heimsóknir í leikskólann og einnig er hefð fyrir árlegri heimsókn fleiri bekkja í Ársali í tengslum við tiltekna atburði, s.s. heimsókn 7. bekkjar á *Degi íslenskrar tungu*, *Lúsiuheimsókn* 6. bekkjar og heimsókn 10. bekkjar með árlegt skólaleikrit. Þá stendur nemendum í elstu bekkjum grunnskólans til boða að koma í starfskynningu og/eða starfsþjálfun í leikskólanum. Upplýsingar um börnin fylgja þeim frá leikskóla í grunnskóla, þ.á m. staða þeirra samkvæmt Hljómi-2 og upplýsingar um sérstakan stuðning. Matsaðilar meta samstarfið við Árskóla til fyrirmyndar.

Annað samstarf

Samstarf er við aðra leikskóla og grunnskóla í Skagafirði í tengslum við svokallaðan *Vinadag*, sem er haldinn árlega. Leikskólastjórar í Skagafirði hafa samstarf sín á milli og hittast á mánaðarlegum samráðsfundum. Leikskólinn er í samstarfi við slökkviliðið um eldvarnir og fræðslu fyrir elstu börnin.

⁴² Rýnihópur foreldra

⁴³ Rýnihópur deildarstjóra yngra stigs

⁴⁴ Rýnihópur deildarstjóra

⁴⁵ Rýnihópur foreldra

⁴⁶ Rýnihópur foreldra

⁴⁷ Rýnihópur foreldra

⁴⁸ Starfsáætlun Ársala

⁴⁹ Rýnihópur deildarstjóra, viðtal við leikskólastjóra.

Styrkleikar

- Samstarf við foreldra er gott og foreldrar taka virkan þátt í viðburðum á vegum leikskólans.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra.
- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og styður vel við leikskólastarfið.
- Til fyrirmyndar er hvernig staðið er að samstarfi Ársala og Árskóla.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf um börnin til grunnskóla.

Tækifæri til umbóta

- Leitað verði leiða til velja fulltrúa í foreldraráð með lýðræðislegum hætti.
- Foreldraráð fundi reglulega, setji sér starfsáætlun og vinnureglur og birti fundargerðir á heimasíðu leikskólans.
- Leita þarf leiða til að koma upplýsingum til foreldra með annað móðurmál en íslensku og hafa hagnýtar upplýsingar á fleiri tungumálum á heimasíðu leikskólans.

Leikskóli án aðgreiningar

Sérfræðipjónusta og sérkennsla

Við leikskólann starfar verkefnisstjóri námsaðlögunar (sérkennslustjóri) sem ber ábyrgð á skipulagningu, framkvæmd og endurmati ásamt leikskólastjóra.⁵⁰ Hann hefur yfirumsjón með gerð einstaklings- og þjálfunaráætla og verkefna fyrir börn sem njóta stuðnings og bera deildarstjórar ábyrgð á framfylgd þeirra á deildum.⁵¹ Einstaklingsnámskrár eru endurmetnar á þriggja mánaða fresti eða einu sinni á önn eftir þörfum. Markmið einstaklingsnámskráa eru unnin með deildarstjóra og foreldrum. Farið er eftir ákveðnu ferli ef grunur vaknar um frávik hjá barni. Teymi er myndað um börn sem eru með skilgreindan vanda hvort sem þau eru með formlega greiningu eða ekki. Lausnar-teymi er starfandi fyrir stærri hegðunarmál (SMT mál) sem verkefnisstjóri námsaðlögunar, aðstoðarleikskólastjóri og einn deildarstjóri sitja í. Verkefnisstjóri námsaðlögunar er þroskaþjálfari og er að ljúka meistaranámi í sérkennslufræðum.

Leikskólinn getur leitað til ráðgjafarþjónustu sveitarfélagsins vegna barna sem þarfnast sérstaks stuðnings.⁵² Þar starfa ýmsir sérfræðingar, kennsluráðgjafi, uppeldis- og sálfræðiráðgjafi og talmeinafræðingur. Sálfræðingur starfar sem verktaki fyrir leikskólann og kemur einu sinni í mánuði til að gera greiningar og þroskamat. Talmeinafræðingur kemur reglulega í leikskólann, gerir greiningar á börnum og er ráðgefandi við verkefnisstjóra og deildir. Í leikskólanum eru starfandi tveir aðilar sem sinna sérkennslu og stuðningi fyrir utan verkefnisstjóra námsaðlögunar og eru þeir báðir leikskólakennarar. Þeir starfa undir verkefnisstjóra, sem skipuleggur og samræmir störf þeirra. Í rýnihópum starfsfólks kom fram að gott væri að leita til verkefnisstjóra með leiðbeiningar og stuðning.⁵³

Umhverfið er aðlagð til að mæta þörfum allra barna og er lögð áhersla á að námsaðlögunin fari fram í hópum með öðrum börnum.⁵⁴ Aðstaða til sérkennslu á leikskólanum er góð og góður búnaður og aðstaða fyrir fötluð börn. Starfsfólk fær upplýsingar og stuðning til að framfylgja markmiðum einstaklingsnámskráa og boðið hefur verið upp á fræðslu fyrir allt starfsfólk varðandi frávik og sérúrræði barna á leikskólanum. Allt starfsfólk er upplýst um sérþarfir barna sem dveljast á leikskólanum.

⁵⁰ Starfsáætlun Ársala

⁵¹ Viðtal við verkefnisstjóra námsaðlögunar

⁵² Starfsáætlun Ársala

⁵³ Rýnihópar deildarstjóra, leikskólakennara og starfsfólks

⁵⁴ Skólanámskrá Ársala

Börn með annað móðurmál en íslensku

Ekki hefur verið mótuð stefna um móttöku barna sem hafa annað móðurmál en íslensku.⁵⁵ Í skólanámskrá og starfsáætlun leikskólans er fjallað um að tákni með tali sé notað til að auðvelda börnum af erlendum uppruna að tileinka sér íslensku og gera sig skiljanleg.

Samkvæmt starfsáætlun fá öll tvítyngd börn sérstakan stuðning á deildum sem verkefnisstjóri námsaðlögunar sinnir.⁵⁶ Eldri börnin fara auk þess vikulega í málörvunarhópa þar sem unnið er með orðaforða, málskilning og máltjáningu. Unnið er með heimamenningu allra barna á svokölluðum fjölmenn-ingardögum en þeir eru jafn margir yfir árið og þjóðerni barnanna.

Styrkleikar

- Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun.
- Lögð er áhersla á að sérkennsla/stuðningur fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning og þær endurskoðaðar reglulega í samstarfi við foreldra.
- Öll börn eiga sýnilega hlutdeild í barnahópnum.
- Starfsfólk fær upplýsingar og stuðning til að mæta börnum sem þurfa sérstakan stuðning.
- Unnið er með heimamenningu allra barna.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf áætlun um móttöku og foreldrasamstarf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.
- Móta ætti reglur um íslenskukennslu barna með annað móðurmál en íslensku og stuðning við móðurmál þeirra.

⁵⁵ Viðtal við leikskólastjóra

⁵⁶ Starfsáætlun Ársala

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Í starfsáætlun kemur fram að matslistinn *Barnið í brennidepli* hafi verið notaður við innra mat leikskólans og unnin hafi verið þróunaráætlun um gæðagreininn *Þátttaka starfsfólks í starfi leikskólans*.⁵⁷ Staða vinnu við læsi var metin á haustmánuðum í tengslum við mótun læsisstefnu sveitarfélagsins. Umfram þessa tvo þætti hefur lítið verið unnið í innra mati en til stendur að meta skipulag starfsins í vetur. Áætlun um innra mat liggur ekki fyrir og takmarkað er fjallað um það í skólanámskrá og starfsáætlun. Matsteymi er ekki starfandi. Formlegt mat og ígrundun á starfsháttum er ekki fastur liður í daglegu starfi en reglulegu mati á framförum barna er vel sinnt.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Í starfsáætlun segir að áætlað sé að leggja viðhorfskönnun fyrir foreldra og starfsfólk annað hvert ár.⁵⁸ Segir ennfremur að kannanirnar séu samræmdar fyrir alla leikskóla í Skagafirði og því má segja að þær séu fremur hluti af ytra mati sveitarfélags en innra mati skóla. Foreldrakönnun hefur einu sinni verið lögð fyrir árið 2014 en starfsmannakönnun aldrei. Starfsfólk tekur þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í því innra mati sem fram hefur farið en þátttaka foreldra í ákvarðanatöku um innra mat er engin. Gagnaöflun og vinnubrögð í kringum innra matið er stutt á veg komin og þátttaka í matinu fyrst og fremst einskorðuð við starfsmenn.

Opinber birting og umbætur

Fyrir utan niðurstöður úr foreldrakönnun sem lögð var fyrir af sveitarfélaginu 2014 eru engar greinargerðir um innra mat á heimasíðu leikskólans. Niðurstöður innra og ytra mats þegar þær liggja fyrir eru einungis kynntar fyrir starfsfólki. Umbótaáætlun liggur ekki fyrir.

Styrkleikar

- Vel er staðið að reglulegu og fjölbreyttu mati á stöðu og framförum barna.
- Starfsfólk leikskólans tekur þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.

Tækifæri til umbóta

- Móta ætti matsáætlun til lengri og skemmri tíma og birta í skólanámskrá og starfsáætlun.
- Í nýrri skólanámskrá komi fram viðmið fyrir hvert markmið sem stefnt er að og gerð grein fyrir hvernig þau verði metin með reglubundnum hætti.
- Auka þarf aðkomu starfsfólks við undirbúning og framkvæmd innra mats, t.d. með þátttöku þeirra í matsteymi.
- Efla mat og ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi.
- Huga að aðkomu foreldraráðs í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Gæta að fjölbreytni í öflun gagna meðal starfsfólks, barna og foreldra með aðferðum sem hæfa viðkomandi hópum og tryggja að raddir barna heyrist í mati á leikskólastarfinu.
- Birta greinargerðir um innra matið á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Gera umbótaáætlun árlega og birta á heimasíðu og/eða í starfsáætlun leikskólans.

⁵⁷ Starfsáætlun Ársala

⁵⁸ Starfsáætlun Ársala

Matsþættir

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

- $A > 3,6 - 4 =$ grænt – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
- $B > 2,6 - 3,5 =$ ljósgrænt – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- $C > 1,6 - 2,5 =$ gult – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- $D > 1,0 - 1,5 =$ rautt = Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun		Uppeldis- og menntastarf		Leikskólabragur		Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Uppeldi, menntun og starfshættir	Viðmót og menning	Velferð og líðan barna	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Faglegt samstarf	Leikur og nám lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Námssvið leikskólans	Hlutverk leikskólakennara	Fagmennska starfsfólks	Viðhorf foreldra	Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun		Leikskóli án aðgreiningar	Mat á námi og velferð barna	Starfsánægja			Gagnasöfnun og vinnubrögð

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi leikskólans Ársala: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð/gildi í leikskólastarfinu.
- Áherslur og stefna leikskólans endurspeglast vel í starfi með börnunum.
- Húsnæði og útileiksvæði er rúmgott og gefur möguleika á þroskaeflandi leikjum og verkefnum.
- Stjórnendur skipta með sér verkum við stjórnun og er verkaskipting þeirra skýr.
- Starfsþróunarsamtöl eru regluleg og niðurstöður þeirra skráðar.
- Stjórnendur hvetja til og veita svigrúm fyrir símenntun starfsmanna.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf til starfsmanna.
- Faglegur metnaður einkennir starfsmannahópinn.
- Starfsfólk er duglegt að sækja sér endurmenntun.
- Faglegur metnaður einkennir starf á deildum.
- Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu.
- Unnið er markvisst að flestum námssviðum leikskólans, einkum eflingu læsis og samskipta.
- Umhyggja einkennir samskipti við börnin, starfsfólk á uppbyggjandi samskipti við þau og hrósar þeim.
- Börnin eru glöð, milli þeirra ríkir samkennd og þeim líður vel í leikskólanum.
- Reglur eru skýrar, samræmdar og börnin þekkja þær.
- Unnið er markvisst með mat á námi og velferð barna og þess gætt að matið taki til margra þátta og byggi á fjölbreyttum gögnum.
- Samstarf við foreldra er gott og foreldrar taka virkan þátt í viðburðum á vegum leikskólans.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra.
- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og styður vel við leikskólastarfið.
- Til fyrirmyndar er hvernig staðið er að samstarfi Ársala og Árskóla.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf um börnin til grunnskóla.
- Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun.
- Lögð er áhersla á að sérkennsla/stuðningur fari sem mest fram að í daglegu starfi og leik.

- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning og þær endurskoðaðar reglulega í samstarfi við foreldra.
- Öll börn eiga sýnilega hlutdeild í barnahópnum.
- Starfsfólk fær upplýsingar og stuðning til að mæta börnum sem þurfa sérstakan stuðning.
- Unnið er með heimamenningu allra barna.
- Vel er staðið að reglulegu og fjölbreyttu mati á stöðu og framförum barna.
- Starfsfólk leikskólans tekur þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.

Tækifæri til umbóta

- Bæta þarf loftræstingu í leikskólahúsnæðinu við Árkíl.
- Ljúka þarf við endurskoðun skólanámskrár og skilgreina í henni markmið leikskólans og leiðir að þeim, mat á markmiðum og viðmið.
- Gera þarf grein fyrir aðferðum við innra mat og birta upplýsingar um hvenær námskráin var endurskoðuð og hverjir tóku þátt í þeirri vinnu.
- Öryggis og rýmingaráætlun þarf að vera sýnileg á veggjum leikskólans og gera þarf rýmingaráæfingar reglulega.
- Móta þarf verklagsreglur um viðbrögð við slysum á börnum.
- Móta þarf verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum.
- Gera ætti móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.
- Æskilegt er að stjórnendur auki samskipti við allar deildir, fylgist með námi og starfi og veiti starfsfólki endurgjöf.
- Skoða ætti hvernig hægt er að auka nýtingu sameiginlegra svæða með því að afmarka þau betur t.d koma upp lausum skilrúmum og hillum.
- Endurskoða þarf efnivið leikskólans með áherslu á að gera fjölbreytileikann sýnilegri.
- Endurskoða þarf dagskipulag leikskólans til að auka val barnanna og þátt frjálsa leiksins.
- Leita ætti leiða til að auka aðgengi barna að leikföngum og efnivið leikskólans.
- Nýta mætti umhverfi utan leikskólans meira til þekkingarleitar.
- Meta þarf máltíðir í leikskólanum með hliðsjón af manneldissjónarmiðum.
- Auka þarf markvissa vinnu við námssviðin sjálfbærni og vísindi.
- Efla þarf lýðræði í leikskólanum og áhrif barna á skipulag leikskólastarfsins s.s. val á viðfangsefnum í skipulögðum stundum, útivist og frjálsum leik.
- Nýta ætti uppeldislegar skráningar til að gera styrkleika og áhuga barnanna sýnilegri og gera þeim kleift að hafa áhrif á leiðir í eigin námi.
- Leita þarf leiða til að gera börnum kleift að meta leikskólastarfið.
- Stjórnendur tryggi að samstarf í leikskólanum einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum og starfsfólk sé haft meira með í ráðum.

- Unnið verði að því að bæta samskipti leikskólastjóra og starfsfólks og auka traust starfsfólks til leikskólastjóra.
- Vinna þarf áfram að því að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda.
- Leitað verði leiða til velja fulltrúa í foreldraráð með lýðræðislegum hætti.
- Foreldraráð fundi reglulega, setji sér starfsáætlun og vinnureglur og birti fundargerðir á heimasíðu leikskólans.
- Leita þarf leiða til að koma upplýsingum til foreldra með annað móðurmál en íslensku og hafa hagnýtar upplýsingar á fleiri tungumálum á heimasíðu leikskólans.
- Gera þarf áætlun um móttöku og foreldrasamstarf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.
- Móta ætti reglur um íslenskukennslu barna með annað móðurmál en íslensku og stuðning við móðurmál þeirra.
- Móta ætti matsáætlun til lengri og skemmri tíma og birta í skólanámskrá og starfsáætlun.
- Í nýrri skólanámskrá komi fram viðmið fyrir hvert markmið sem stefnt er að og gerð grein fyrir hvernig þau verði metin með reglubundnum hætti.
- Auka þarf aðkomu starfsfólks við undirbúning og framkvæmd innra mats, t.d. með þátttöku þeirra í matsteymi.
- Efla mat og ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi.
- Huga að aðkomu foreldraráðs í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Gæta að fjölbreytni í öflun gagna meðal starfsfólks, barna og foreldra með aðferðum sem hæfa viðkomandi hópum og tryggja að raddir barna heyrast í mati á leikskólastarfinu.
- Birta greinargerðir um innra matið á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Gera umbótaáætlun árlega og birta á heimasíðu og/eða í starfsáætlun leikskólans.

Lokaorð

Leikskólinn er stór leikskóli staðsettur í tveim húsum þar sem fram fer metnaðarfullt leikskólastarf. Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í leikskólanum Ársalir leiðir í ljós að starfsmenn leggja metnað í að skapa börnunum góð uppeldis- og þroskaskilyrði í leikskólanum. Í öllum samskipum mátti greina virðingu og umhyggju fyrir börnunum og lögð er áhersla á að mæta þörfum hvers einstaklings og allir hafi tækifæri til að þroskast á eigin forsendum. Foreldrar eru ánægðir með starfsemi leikskólans og samskipti við starfsmenn og stjórnendur. Almenn er góður starfsandi í leikskólanum og mikilvægt er að viðhalda honum. Stjórnendur og starfsfólk vinnur að endurskoðun skólanámskrár og þarf í tengslum við þá vinnu að bæta innra mat leikskólans. Samvinna milli leikskólans og grunnskólans er til fyrirmyndar.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Vefslóð: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>. (Sótt á vef 14. október 2015).

Foreldrahandbók Ársala. Vefslóð: <http://arsalir.skagafjordur.is/static/files/foreldrahandbok/foreldrahandbok-2013.pdf> (Sótt á vef 14. október 2015).

Heimasíða leikskólans Ársala. Slóðin er: <http://arsalir.skagafjordur.is/>

Lög um leikskóla Nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Mat á starfsáætlun. Vefslóð: <http://arsalir.skagafjordur.is/is/um-leikskolann/arsskyrsla-2012-2013> (Sótt á vef 14. október 2015).

Skólanámskrá Ársala. Vefslóð: <http://arsalir.skagafjordur.is/is/um-leikskolann/skolanamskra-arsala> (Sótt á vef 14. október 2015).

Starfsáætlun Ársala skólaárið 2014-2015. Vefslóð: <http://arsalir.skagafjordur.is/is/um-leikskolann/arsskyrsla-2012-2013> (Sótt á vef 14. október 2015).

Starfsáætlun Ársala skólaárið 2015-2016.

Starfsmannahandbók Ársala.

Viðtöl og rýnihópar

Viðtal við formann fræðslunefndar.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Viðtal við verkefnisstjóra námsaðlögunar.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

Viðtal við tvo rýnihópa deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp leikskólakennara.

